

reiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill, að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þá heimilt að veita undanþáguna, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt fram-sögðu.

14. gr.

Hverri bifreiðastöð er skylt að láta úthlutunarmönnum í té, í septembermánuði ár hvert, skrá yfir allar bifreiðar, sem þar hafa þá afgreiðslu. Í skrá þessari skal tilgreint skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og bifreiðareiganda.

15. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 202 19. nóvember 1959 með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerðum nr. 27 28. marz 1962, 110 1. júlí 1963 og 89 25. maí 1971.

Samgönguráðuneytið, 28. júlí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um leiðsögu skipa.

1. gr.

Samgönguráðuneytið stjórnar leiðsögumálum.

2. gr.

Í landinu verði eins margir leiðsögumenn og þurfa þykir og á þeim stöðum, sem ráðherra ákveður hverju sinni. Skal starfssvið þeirra flokkað samkvæmt eftirfarandi þremur megin reglum.

1. Hafnsögumenn við nánar tilgreindar hafnir og innsiglingar, ráðnir af stjórnnum viðkomandi hafna samkvæmt gildandi hafnarreglugerðum á hverjum stað.
2. Leiðsögumenn, er einkarétt hafa til leiðsögu á vissum takmörkuðum svæðum, leiðsöguumdæmum, skipaðir af ráðherra.
3. Leiðsögumenn, er rétt hafa til leiðsögu allt í kringum landið, skipaðir á sama hátt. Geta það verið svæðisbundnir leiðsögumenn, en þurfa þess ekki.

3. gr.

Leiðsaga samkvæmt 2. lið 2. gr. skiptist í 8 leiðsöguumdæmi á eftirfarandi hátt.

1. Leiðsöguumdæmi: Milli Vestmannaeyja og Reykjanestáar.
2. — — — Reykjanestáar og Öndverðarness.
3. — — — Öndverðarness og Bjargtanga.
4. — — — Bjargtanga og Horns.
5. — — — Horns og Sauðaness.
6. — — — Sauðaness og Langaness.
7. — — — Langaness og Dalatanga.
8. — — — Dalatanga og Hornafjarðaróss.

4. gr.

Ráðherra skipar leiðsögumenn og varamenn þeirra til 5 ára í senn og skulu þeir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru til starfsins. Ráðherra tilnefnir leiðsöguformann fyrir hvern stað eða höfn, þar sem leiðsögumenn hafa aðsetur.

Sé aðeins um einn leiðsögumann að ræða á hverjum stað, telst sá hinn sami leiðsöguformaður, en annars sá þeirra, sem lengstan starfsferil hefur, sé ekki öðruvísi ákveðið þar um. Leiðsöguformaður ræður framkvæmd leiðsögunnar, og skal hann skipta henni sem jafnast milli leiðsögumannanna, ber hinum leiðsögumönnunum að fara eftir ákvörðunum hans.

5. gr.

Leiðsöguformaður skal sjá um, að leiðsögumenn á staðnum fari að öllu í starfi sínu eftir fyrirskipuðum reglum, og að þeir tilkynni honum tafarlaust allt, sem út af ber um siglingaleiðir, vita og sjómerki, allt sem tálmað getur siglingum og áriðandi er að kunnert verði, svo sem um grunn og steina í botni, er ekki standa í sjókortum, isrek, skipsflök eða þess háttar, sem er á reki, eða sem valdið getur hættu á siglingaleiðum. Enn fremur ber að tilkynna honum öll brot á alþjóðareglum og innlendum reglum og lögum um siglingar og skipakomur til landsins. Allt slíkt ber leiðsöguformanni þegar að tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum.

6. gr.

Hætti lögskipaður leiðsögumaður störfum einhverra orsaka vegna, ber honum að tilkynna það leiðsöguformanni og afhenda honum leiðsögumannsskírteini sitt og formaður síðan ráðuneytinu.

7. gr.

Nú verður ágreiningur milli leiðsögumanna um atriði, er snertir starf þeirra, og skulu þá leiðsögumenn umdæmanna reyna að jafna ágreininginn, en takist það ekki, skal málið borið undir úrskurð ráðherra.

8. gr.

Fari lögskipaður leiðsögumaður úr umdæmi sínu um stundarsakir, veikist hann, eða geti hann annarra orsaka vegna ekki gegnt leiðsögustörfum um tíma, ber honum þegar að tjá það hinum öðrum leiðsögumönnunum, sérstaklega leiðsöguformanni, en þeim skal gert aðvart, þegar hann getur aftur tekið til starfa. Leiðsöguformaður gerir þær ráðstafanir, sem við eiga, til þess að tryggja, að skip fái leiðsögu.

9. gr.

Í hvert skipti, sem leiðsaga hefur farið fram, útfyllir leiðsögumaður þar til gerðan þrírtaðan leiðsögumiða, sem skipstjóri undirritar ásamt leiðsögumanni, og halda þeir hvor sínum miða, en þriðja miðann fær leiðsöguformaður, sem sendir síðan miðana ársfjórðungslega til vitamálastjóra í Reykjavík.

10. gr.

Greiðsla fyrir leiðsögu er ákveðin í hvert skipti eftir gjaldskrá, sem ráðuneytið hefur staðfest. Gjöldin renna öll til þess leiðsögumanns, er leiðsöguna framkvæmir, þó skal umdæmisleiðsögumaður, sem leiðbeinir skipi inn á annað leiðsöguumdæmi, greiða til leiðsögumanns þess, helming hærra sjómilugjaldsins, sem hann fær á svæðinu. Leiðsögumenn með leyfi til leiðsögu allt í kringum landið, skulu á sama hátt greiða til leiðsögumanna umdæmanna þetta sama gjald, en þó því aðeins, að skipið hafi viðkomu á svæðinu.

11. gr.

Nú greiðir skipstjóri ekki leiðsögumanni lögboðið gjald, og ber þá leiðsögumanni að tjá það lögreglustjóra á þeim stað, þar sem skipið er, og má þá ekki afgreiða skipið, fyrr en skipstjóri hefur greitt gjald þetta tvöfalt, eða trygging hefur verið sett fyrir greiðslunni (sbr. 25. gr. laga nr. 48 1933). Ef skipstjóri mótmælir greiðslu, ber honum, áður en hann fær afgreiðslu, að setja tryggingu fyrir upphæðinni og málskostnaði, og tilnefna mann hér á landi, sem mæti fyrir hans hönd fyrir rétti í málinu.

12. gr.

Hverjum leiðsögumanni ber að gera tollinnheimtumanni og lögreglustjóra aðvart um skip, sem grunur er um, að ekki séu í löglegum erindum, svo sem vinni að ólöglegri ferðingu eða affermingu. Leiðsögumönnum ber að öllu að fara eftir reglum hafnastjórna, toll- og heilbrigðisstjórna.

13. gr.

Þá er leiðsögumaður fer út í skip, til þess að leiðbeina því, ber honum að hafa meðferðis hið löggilta leiðsöguskirteini svo og lög um leiðsögu skipa, reglugerð og gjaldskrá um leiðsögu, einnig leiðsögumiða til útfyllingar.

14. gr.

Ráðuneytið afhendir hverjum leiðsögumanni hið lögskipaða skirteini til afnota, en er leiðsögumaður lætur af starfi, skal hann endursenda það, sbr. 6. gr.

15. gr.

Á hverjum bát, er hefur starfandi leiðsögumann innan borðs, skal sýna flagg, sem skipt er í 2 jafnstóra lóðrétta reiti, innri reiturinn er hvítur, hinn ytri rauður, alþjóðamerkið „H“. Þessi flögg leggja leiðsögumenn sjálfir til.

16. gr.

Leiðsögumönnum ber eftir föngum að skyggast um eftir skipum, sem nálgast svæði þeirra og athuga hvort þau óski leiðsögu, en aðal reglan skal vera, að skipið geri boð á undan sér í tæka tíð til leiðsöguformanns staðarins.

17. gr.

Merki þau, sem skip nota til að kalla í leiðsögumann eru þessi:

Að degi til:

1. Þjóðfáninn að hún á framsigli eða þjóðfáninn með hvítri rönd allt um kring.
2. Alþjóðamerkið „PT“ (þarf leiðsögumann) á framsigli.
3. Alþjóðamerkið „G“ á framsigli.

Að nóttu til:

4. Skært hvítt ljós ofan við borðstokk, sem brugðið er upp með stuttu millibili, 1 mín. í senn.
5. „Bláljós“ (Pyroteknisk ljós) 15. hverja mínútu.

6. Alþjóðamerkið „PT“ með Morsemerkjum, en þess skal gæta, að 5. merki sé ætíð gefið í sambandi við 4. eða 6. merki og að 6. merki sé, ef unnt er, gefið í sambandi við 4. eða 5. merki. Þegar búast má við, að leiðsögumenn, vegna þoku eða annarra ástæðna, geli ekki séð þessi merki, má kalla í leiðsögumann með hljóðrípu skipsins, þannig að allsherjarmerkinu „PT“ sé útvarpað með Morsehljóðum.

Ofangreind merki mega skipstjórar ekki gefa í öðrum tilgangi en að kalla í leiðsögumann.

18. gr.

Þá er leiðsögumaður er kominn út í skip, til þess að leiðbeina því, dregur skipstjóri niður kallmerkið um leiðsögumann.

19. gr.

Leiðsögumaður er talinn starfandi á skipinu, meðan hann er um borð í því, og það er á siglingu innan hans umdæmis. Óski skipstjóri eftir, að leiðsögumaður leiðbeini skipi hans inn á annað leiðsöguumdæmi, þar eð ekki næst einhverra orsaka vegna til leiðsögumanna svæðisins, skal leiðsögumanni það heimilt, ef hann treystir sér til þess, og þá gegn því að greiða hluta leiðsögugjaldsins, samanber 10. gr., til leiðsögumanna þess umdæmis.

Leiðsögumaður með réttindi til leiðsögu kringum allt landið telst starfandi, meðan skipið er á siglingu, og ber honum að greiða sama hluta leiðsögugjaldsins, samanber 10. gr., til umdæmisleiðsögumanna, þeirra svæða, sem skipið hefur viðkomur á.

Leiðsögumanni ber skylda til að benda viðkomandi skipstjóra á að gera eðlilegar ráðstafanir til að ná sambandi við hlutaðeigandi leiðsöguformenn í tæka tíð í hverju umdæmi.

20. gr.

Það er á valdi skipstjóra, hvort hann notar leiðsögumann eða ekki, þar sem eigi er öðruvísi ákveðið með sérstökum lögum eða reglugerðum. Skipstjóra er heimilt að láta leiðsögumann fara frá borði, hvar sem leiðsögumanni er það hættulaust, gegn því að greiða honum heimferðarkostnað og dagpeninga.

Sikstjóra ber að sjá til þess, að leiðsögumanni sé ekki ofgert með langri varðstöðu, og að hann njóti eðlilegrar hvíldar og viðurværis.

Heimilt er leiðsögumanni að aðstoða skipstjóra við að leggja skipi að og frá bryggju, þar sem ekki eru hafnsögumenn og þá gegn sérstakri greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

Leiðsögumanni er alltaf heimilt að fara af skipi, þegar komið er að umdæmisörkum hans.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um leiðsögu skipa nr. 48 frá 12. jan. 1934.

Samgönguráðuneytið, 28. júlí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.